

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Þingfundargerð

Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar haldið í Kiwanishúsinu í Vestmannaeyjum 11. – 13. september 2015.

Þingsetning í Landakirkju í Vestmannaeyjum

45. Umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar var sett í Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 11. september kl. 20:30. Guðmundur Jóhannsson formaður þingnefndar bauð gesti velkomna og kynnti dagskrá kvöldsins. Gunnlaugur Gunnlaugsson umdæmisstjóri flutti stutt ávarp og setti þingið formlega. Ávörp fluttu: John Button heimsforseti Kiwanis International, Vincent Salambier forseti KIEF, Hilde Meyer umdæmisstjóri Norden, Daniel Vigneon umdæmisráðgjafi 2015-2016 og Hildur Sólveig Sigurðardóttir forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar.

Daníel Frans Davíðsson nemandi í Tónlistarskóla Vestmannaeyja spilaði tvö lög á tenórhorn.

Séra Guðmundur Örn Jónsson flutti stutt ávarp og las úr Matteusar guðspjalli.

Umdæmisstjóri Gunnlaugur Gunnlaugsson frestaði fundi kl. 21.05 til kl. 9:00 á laugardegi.

Þingfundi framhaldið

Þingfundi var framhaldið í Kiwanishúsinu í Vestmannaeyjum kl. 9:00. Gunnlaugur umdæmisstjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær

Allar skýrslur umdæmisstjórnar birtust í þingblaði Kiwanisfrétta. Umdæmisstjóri flutti ávarp en vísaði að öðru leyti í skýrslu sína í þingblaði Kiwanisfrétta. Svæðisstjórar, Ólafur Jónsson, Óðinssvæði, Ólafur Guðmundsson, Sögusvæði, Ragnar Eggertsson, Freyjusvæði,

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Karin Jacobsen, Færeyjasvæði og Magnús Eyjólfsson Ægissvæði fóru yfir skýrslur sínar, sem birtust í þingblaði Kiwanisfrétta. Engar umræður urðu um skýrslur umdæmisstjórnar.

Formaður kjörbréfanefndar Sigurgeir Aðalgeirsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörgengi hafa þeir fulltrúar frá 35 klúbbum eða 105, auk þess umdæmisstjórnarmenn og fyrrverandi umdæmisstjórar alls 38 eða samtals 143 fulltrúar. Mættir eru 88 félagar frá klúbbum og auk þess 28 umdæmisstjórnarmenn og fyrrverandi umdæmisstjórar eða samtals 116 fulltrúar og er það um 80% mæting.

Skipun kjörbréfanefndar og kjörnefndar

Eftirtaldir skipuðu kjörbréfanefnd

Arnór L. Pálsson, Sigurgeir Aðalgeirsson, Óskar Guðjónsson

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd

Sigurður R. Pétursson, Andrés Hjaltason, Stefán R. Jónsson

Fjárhagsáætlun umdæmisins

Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar kom í pontu og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun umdæmisins fyrir starfsárið 2015-2016 og fjárhagsáætlun Kiwanisfrétta. Fjárhagsáætlunin birtist í þingblaði Kiwanisfrétta. Arnór greindi frá því að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs í fjárhagsnefnd, en hann hefur verið formaður hennar frá því að hún var sett á laggirnar. Eyþór K. Einarsson tók til máls og lagði til að félagsgjald yrði hækkað í 10.500 kr. og rökstuddi það með því að vegna lækkunar á árgjöldum Kiwanisfrétta hækkaði gjald samtals úr 10.550 í 11.118.-

Gylfi Ingvarsson tók til máls og sagðist styðja þessa tillögu Eyþórs, Benedikt Kristjánsson Skjálfanda spurðist fyrir leigutekjur af Kiwanishúsinu á Bildshöfða, sem honum fannst lágar

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

og taldi að hægt væri að margfalda þær. Eyþór greindi frá því að leigutekjur á þessu ári af Bildshöfða yrður meiri en þetta, en áætlunin væri varfærin. Einnig nefndi hann að ýmis atriði, t.d. að senda börn í sumarþúðir hafi ekki verið á áætluninni og það kostaði meira að halda þing út á landi. Benedikt tók aftur til máls og sagði m.a. að oft væri verið að kvarta yfir kostnaði um að ferðast út á land og halda þing út á landi, verkefnið væri að búa til meiri peninga. Eyþór sagðist einungis hafa verið að benda á að meiri kostnaður fylgdi þinghaldi utan höfuðborgarsvæðisins. Ólafur Jónsson svæðisstjóri tók til máls og sagði að með fjölgun félaga myndi gjöldin lækka, því væri mikilvægast að fá fleiri félaga. Umdæmisstjóri fór yfir að félagar þyrftu að gera greinarmun á umdæmisgjöldum og því sem félagar væru að greiða til klubbanna. Hann nefndi einnig að þrír klúbbar styrktu ferð í ungmennabúðir.

Breytingartillaga Eyþórs var samþykkt með þorra atkvæða en þrír voru á móti.

Fjárhagsáætlunin var síðan samþykkt samhljóða með þessari breytingu.

Ársreikningur 2014-2015

Eyþór K. Einarsson umdæmisféhirðir lagði fram ársreikning umdæmisins fyrir starfsárið 2013-2014 undirritaða af skoðunarmönnum umdæmisins þeim Gunnari R. Einarssyni og Guðmundi Péturssyni.

Ársreikningurinn fylgdi með í þinggögnum. Tekjur ársins voru rúmar 15 milljónir króna og gjöld um 13,5 milljónir og tekjur umfram gjöld um 1,5 milljónir króna. Eignir hreyfingarinnar voru 26,7 milljónir króna og eigið fé um 18 milljónir króna.

Erlingur Fjeldsted, Mosfelli, spurðist fyrir um kostnað vegna lokahófs, sem ekki hefði verið í áætluninni. Eyþór svaraði því að tekjur kæmu á móti og lokahóf ætti að standa undir sér.

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Kjör skoðunarmanna reikninga

Gunnar Rafn Einarsson og Guðmundur Pétursson voru endurkjörnir skoðunarmenn reikninga.

Lagabreytingar og ályktanir

Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laga- og ályktananevndar gerði grein fyrir nýjum lögum, sem umdæminu ber skylda til að taka upp samkvæmt samþykkt heimsþings Kiwanis árið 2014. Laganefnd fékk Óskar Guðjónsson til að sjá um þýðingu laganna og síðan tóku félagar í Dyngju að sér prófarkalestur og þakkaði Sigurgeir þeim fyrir það.

Óskar Guðjónsson greindi frá því að samkvæmt ákvörðun KI bæri öllum umdæmum að taka upp þessi umdæmisög. Tillögurnar voru sendar út til allra klúbba í byrjun september. Löggin verða borin upp í einu, en ekki hver grein fyrir sig. Vissulega væri mikið af nýju efni, en notað orðfæri, sem var í gömlu lögnum. Aðrar veigamiklar breytingar eru m.a. að erlendur ritari er ekki lengur í umdæmisstjórn. Á móti kemur að kjörkjörumdæmisstjóri verður nú verðandi kjörumdæmisstjóri og situr í umdæmisstjórn. Ákvæði um að reka og ráða embættismenn og nú ákveður umdæmisstjórn staðarval umdæmisþings.

Umdæmisstjórnarfundir í apríl og maí fóru yfir drögin.

Síðan mun umdæmisstjórn samþykkja þessi lög endanlega í nóvember og tilkynna til KI. Lagt fram með því fororði að umdæmisstjórn geti breytt á fundi í nóvember, en mun þá bera þær breytingar undir næsta umdæmisþing.

Löggin voru samþykkt samhljóða.

Aðalfundur styrktarsjóðs umdæmisins

Sigurður R. Pétursson, Heklu setti fund kl. 11:15 og byrjaði á því að veita styrk frá Styrktarsjóðnum til Barnahagur Vestmannaeyja upp á kr. 200.000.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Sigurður lagði til að Sæmundur Sæmundsson, Elliða yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

Sæmundur þakkaði traustið og lagði til að Hildisif Björgvinsdóttir, Sólborg yrði fundarritari og þar það samþykkt.

Í forföllum Ástbjörns Egilssonar las Sigurður R. Pétursson skýrslu formanns, að lestri loknum var opnað fyrir spurningar.

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, Sólborg spurði í hverju það lægi að tekjur hefðu minnkað hjá sjóðnum.

Svavar Svavarsson, Hraunborg spurði hvort ekki ætti að vera einhver stefna hjá sjóðnum með að veita t.d. 10% af því sem til er í sjóðnum á hverju ári, fannst sjóðurinn liggja með of mikið fé.

Sigurður svaraði Dóru því að stjórnusalan hefði minkað mikið og Svavari svaraði hann því að rætt hefði verið um í upphafi að halda höfuðstól í 5.000.000 en nú eru til um 8.000.000 svo vel hefði mátt veita meira úr sjóðnum.

Hildisif las upp ársreikninga Styrktarsjóðs vegna ársins 2014, voru þeir bornir upp og samþykkir samhljóða.

Þá var komið að kjöri stjórnarmann

Þeir sem gagna úr stjórn eru:

Ástbjörn Egilsson, Sigurður R. Pétursson, Árni H. Jóhannsson og Gísli Valtýrsson

Formaður kosinn til tveggja ára

Björn Ágúst Sigurjónsson, Elliða

Fulltrúar kosnir til tveggja ára:

Birgir Benediktsson, Heklu og Ragnar Eggertsson, Elliða

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Fulltrúar kosnir til eins árs

Óskar Guðjónsson, Eldey

Hildisif Björgvinsdóttir, Sólborg á eftir eitt ár af sínu kjörtímabili

Kjör stjórnarmanna var samþykkt samhljóða

Hildisif hvatti þingheim til að kaupa þingmerkið.

Sæmundur þakkað fyrir sig og gaf ný kjörnum formanni orðið.

Formaður þakkaði Sæmundi fyrir fundarstjórn og hvati félagi til að láta heyra í sér og hafa samband.

Þá þakkaði hann Sigurði fyrir góð störf fyrir sjóðinn og sleit fundi kl. 11:45.

(Fundargerð ritaði Hildisif Björgvinsdóttir)

Afhending viðurkenninga

Umdæmisstjóri afhenti klúbbum viðurkenningar og fékk aðstoð heimsforseta John Button.

Sögusvæði: Ós, Ölver, Helgafell, Ægissvæði: Eldborg, Eldey, Hof, Hraunborg, Keilir, Sólborg, Varðan,

Freyjusvæði: Elliði, Básar, Esja, Hekla, Jörfi, Þyrill

Færeyjasvæði: Tórshavn,

Óðinssvæði: Drangey, Embla, Herðubreið, Kaldbakur, Skjálfandi, Skjöldur, Grímur, Askja

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Þingfundi var áfram haldið kl. 13:00

Sigurður R. Pétursson tók til máls og sagði að einn félagi hefði áhuga á að gefa kost á sér sem Evrópuforseti á næstu árum og óskaði eftir að Þingheimur styddi þá ákvörðun hans.

Þingheimur tók undir með dúndrandi lófaklappi. Óskar Guðjónsson ávarpaði þingið og þakkaði þingheimi að gera sér kleift að bjóða sig fram, en forsenda fyrir því að gefa kost á sér er að umdæmisþing styðji það.

Umdæmisstjóri fékk aðstoð heimsforseta til að afhenda viðurkenningar til svæðisstjóra, umdæmisritara, umdæmisféhirðis og erlends ritara.

Umdæmisstjóri afhenti svæðisstjóra Óðinssvæðis Ólafi Jónssyni viðurkenningu sem svæðisstjóri ársins.

Umdæmisstjóri afhenti einnig Agli Jónsson Hraunborgu viðurkenningu sem fyrirmyndarfélagi:

Umdæmisstjóri óskaði eftir því að Gylfi Ingvarsson afhenti þjötlu svæðisstjóra fyrir árið 2007-2008, en það hafði farist fyrir á sínum tíma, en umdæmisstjóri var þá svæðisstjóri.

Ávörp erlendra gesta

Heimsforseti Kiwanis International, John Button, ávarpaði þingið og einnig Vincent Salambier forseti KIEF., Daniel Vigneon, umdæmisráðgjafi 2015-2016 og Hilde Meyer umdæmisstjóri Norden.

Staðfesting á umdæmisstjóra 2015-2016

Umdæmisþingið staðfesti að umdæmisstjóri starfsárið 2015-2016 yrði Gunnsteinn Björnsson, Kiwanisklúbbum Drangey

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Kjör Gunnsteins var staðfest með lófaklappi. Að því loknu flutti Gunnsteinn stutt ávarp.

Staðfesting á kjörumdæmisstjóra 2015-2016

Staðfest var að kjörumdæmisstjóri 2016 yrði Haukur Sveinbjörnsson, Kiwanisklúbbnum Ós

Haukur flutti stutt ávarp.

Kjör hans var staðfest með lófaklappi.

Kynning á framboði verðandi kjörumdæmisstjóra

Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laganevndar kom í pontu og flutti tilögu nefndarinnar um að leitað verði afbrigða vegna kjörs verðandi kjörumdæmisstjóra á þessu þingi og hljóðar hún svo:

Tillaga til 45. Umdæmisþings haldið í Vestmannaeyjum 11.-13. september 2015. Nefndin leggur til að leitað verði afbrigða vegna kjörs á verðandi kjörumdæmisstjóra 2015-2016 vegna nýsamþykkrtra laga skal. Verðandi kjörumdæmisstjóri skal taka við embætti 1. okt. nk. Engin lögmæt framboð bárust fyrir þing. En nú hefur frambjóðandi stigið fram og gefið kost á sér í þetta embætti. Til þess að kjör þetta geti gengið eftir þarf að leita þessara afbrigða.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jóhanna M Einarasdóttir tók til máls og tilkynnti framboð Konráðs Konráðssonar félaga í Kiwanisklúbbnum Eldey, til embættis verðandi kjörumdæmisstjóra 2015-2016. Engin fleiri framboð komu fram og var kjör Konráðs samþykkt samhljóða.

Konráð flutti stutt ávarp og þakkaði það traust sem sér væri sýnt með þessu kjöri

Staðfesting stjórnar 2015-2016

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Umdæmisþingið staðfesti að umdæmisstjórn starfsárið 2015-2016 yrði skipuð eftirtöldum

Umdæmisstjóri : Gunnsteinn Björnsson

Kjörumdæmisstjóri: Haukur Sveinbjörnsson

Verðandi kjörumdæmisstjóri: Konráð Konráðsson

Fráfarandi umdæmisstjóri: Gunnlaugur Gunnlaugsson

Umdæmisritari: Jóhanna M. Einarsdóttir

Umdæmisféhirðir: Magnús Helgason

Svæðisstjóri Freyjusvæðis: Ólafur S. Sveinsson

Svæðisstjóri Færeyjasvæðis: Regin Strömsten

Svæðisstjóri Sögusvæðis: Tómas Sveinsson

Svæðisstjóri Óðinssvæðis: Steinn Ástvaldsson

Svæðisstjóri Ægissvæðis: Svavar Svavarsson

Kynning á umdæmisþingi 2016

Jóhannes Guðlaugsson formaður þingnefndar 2016 kynnti umdæmisþing, sem verður í umsjá Kiwanisklúbbanna Höfða, Jörfa og Kötlu. Þingið verður haldið í Reykjavík og verður þingstaðurinn í gamla Tónabíói, sem nú heitir Vinabær.

Staðarval umdæmisþings 2018

Staðarvali umdæmisþings 2018 var vísað til umdæmisstjórnar.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Kjör fjárhagsnefndar

Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar leggur til að formaður fjárhagsnefndar kjörinn til þriggja ára verði Eyþór K. Einarsson. Hjördís Harðardóttir, sem kosin var til þriggja ára vill hætta og var tillaga um að Dröfn Sveinsdóttir tæki hennar sæti til tveggja ára og var það samþykkt samhljóða. Auk þess situr Guðmundur Baldursson í nefndinni, en kjörtímabil hans rennur út á næsta ári.

Niðurstöður vinnuhópa frá föstudegi

Haukur Sveinbjörnsson gerði grein fyrir niðurstöðum málstofu um hvort halda ætti umdæmisþing að vori eða hausti.

Gylfi Ingvarsson gerði grein fyrir niðurstöðum málstofu um K-daginn.

Gunnar Magnússon gerði grein fyrir niðurstöðu málstofu um fjölgun.

Greinargerðir um málsstofurnar fylgja með fundargerðinni.

Önnur mál

Eyjólfur Sigurðsson, velt fyrir sér stöðu umdæmisins og hreyfingarinnar. Gerum okkur ekki grein fyrir stöðunni, gerum hlutina eins og þeir voru áður. Skera þarf niður, athuga allan ferðakostnað. Ekki áhyggjuefni að skera niður. Ástæða til að skipa aftur nefnd til að fara yfir allan fjárhag. Veigrað sér við því að skoða hlutina upp á nýtt. Alltof formlegir, vilja ekki fundi. Hreyfing sem hefur öll þessi verkefni, fær ekki félag. Umdæmið Ísland er í hættu, þurfum að hugsa þetta aftur upp. Hefur áhyggjur af framtíð hreyfingarinnar eftir 52 ára starf. Tölum við unga fólkið.

Ragnar Örn Pétursson: hvernig á að fjölga félögum? Leggja áherslu á kynningu á hreyfingunni, niðurstaða starfshópa. Hvernig á að kynna Kiwanis. Umdæmisstjóri verðandi

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

hleypra af stökkunum Kynningar og markaðsnefnd Kiwanis. Útbreiðslu, fjölgunar, ritstjóri Kiwanisfrétta, internetnefnd lagðar niður í staðinn. Kynningar og markaðsstjóri Kiwanis. Tók það verkefni að sér. Kynna hreyfinguna, samstarf við klúbba, Kdagur, hjálmaverkefni, samskipti við fjölmiðla. Þurfum að kaupa þjónustu. Heildstæða stefnu umdæmisins í kynningarmálum. Heimsóknir til klúbba og hvernig við komum á framfæri.

Rafrænar fréttir, ritstjórnarstefnu Kiwanis.is Reiknað með 5-7 fulltrúum. Nefndin ein og sér mun ekki fjölga félögum. Allar kynningar á K-degi í samstarfi nefndarinnar við K-dagsnefnd. Með nýja sýn og verkefnið verður í þrjú ár. Kynningar um hjálmaafhendingu og vildarbörn Kiwanis.

Diðrik Haraldsson : Tekur að sér ferðanefnd ásamt Böðvari félaga sínum . Skipuleggja ferð til Austurríkis á Evrópuþing næsta vor, en þar mun Óskar Guðjónsson gefa kost á sér til Evrópuforseta.

Kristján Ingvarsson Mosfelli: ræddi um hegðun þingheims, sýna þeim virðingu sem eru í ræðustól.

Umdæmisstjóri las upp skýrslu um ungmennabúðir í Tékklandi síðastliðið sumar. Einnig las hann upp skýrslu fararstjóra þessarar ferðar.

Kötluskáldið Steinn G. Lundholm kom í ræðustól og talaði í bundnu máli eins og venjulega.

Gagnrýna ég þingið þarf

því við í Kötlu

þrátt fyrir gott og farsælt starf

fengum enga þjötlu.

Síðari vísan hljóðaði svo:

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Dröfn ég þakka þér nú má

þú ert klár í verkin

ljúf í fasi, létt á brá

lagar á mér merkin.

Ólafur Jónsson formaður hjálmanefndar. Sagði að vinnan væri komin á fullt, það svæðisstjóra um að skipa fulltrúa frá svæðunum.

Gylfi Ingvarsson greindi frá því að klúbbarnir í Hafnarfirði stefni að því að senda tillögu um að umdæmisþingið 2018 verði haldið í Hafnarfirði.

Stefán R. Jónsson fyrrverandi umdæmisstjóri sá um að skipta um stjórn í umdæminu með aðstoð Sigurðar R. Péturssonar.

Að því loknu var fundi frestað til kl. 19:30 þegar lokahóf umdæmisþings hófst í Höllinni.

Umdæmisstjóri veitti nokkrar viðurkenningar, Fjölgunarbikarinn fékk Kiwanisklúbburinn Grímur í Grímsey, bikar fyrir athyglisverðasta fjáröflunarverkefnið fékk Rósan í Færeyjum og fjölmiðlabikarinn fyrir stærsta fjáröflunar- og styrktarverkefnið hlaut Skjöldur á Sauðárkróki. Einnig afhenti umdæmisstjóri afmælisplatta þeim klúbbum sem áttu afmæli á starfsárinu, en höfðu ekki fengið platta frá umdæmisstjórn.

Að því loknu sleit hann umdæmisþinginu og fól veislustjóra kvöldsins Ásmundi Friðrikssyni, alþingismanni að taka við veislustjórn. Fór hún honum vel úr hendi og sagði hann m.a. gamansögur frá lífinu í Vestmannaeyjum á árum áður.

Sönghópurinn Blítt og létt skemmti og síðan tók dansinn við undir stjórn hljómsveitarinnar Jakkalakkanna og stóð langt fram á nótt.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Fundargerð ritaði Kristján G. Jóhannsson umdæmisritari

Niðurstöður málstofa

Niðurstaða málstofu um hvort halda eigi umdæmisþing að vori eða hausti

Er umdæmisþing upphaf nýs starfsárs eða endir á því sem er að líða ?

Alir sögðu upphaf starfsárs, og töluðu um haustþing. Það var ofaná, þá væru nýir menn að taka við og meiri kraftur væri í starfseminni

Eru betri líkur á að umræður verði starfsárs verði á vorin eða haustin ?

Á haustin þá byrjar starfsárið, það er ekki búið á vorin svo menn geta ekki klárað umræður líðandi árs og uppgjör ekki til staðar .

Er rétt að halda nokkur vorþing ?

Nei var svarið . Skoða kostnað af því þingi sem kemur fram núna , senda fyrirspurnir til klúbba í vetur og fá álit þeirra
Menn voru 95% með haustþingi

Niðurstöður umræðu í Málstofu á Umdæmisþingi í Vestmannaeyjum föstudaginn 11. september 2015 og voru liðlega

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

30 manns sem tóku þátt og leitast var við að fá svör við eftirfarandi spurningum.

1. Hvenær á K-dagur að vera, að vori eða hausti?

Afstaða skiptist í tvennt og voru álíka margir með vori og hausti, einnig þyrftir að taka tillit til tímsetningu á umdæmisþingi.

Helstu rök með vori voru:

- Gott að vinna að undirbúningi í vetrarstarfi og söfnun í framhaldi og lokið fyrir sumarfrí.

Helstu rök með hausti voru:

- Það þyrfti að dreifa álagi og gott væri að hafa;
- Hjálmar að vori og K-lykil að hausti.

2. Hvaða málaflokk á að styrkja, Slagorð K-dags hefur verið „Gleymum ekki geðsjúkum“ á að halda áfram þar eða breyta til?

- Afgerandi meirihluti var með að styrkja Geðverndarmál í víðum skilningi
- Áhersla var lögð á að beina sjónum sérstaklega að börnum og var m.a. bennt á börn flóttamanna sem hefðu gengið í gegnum miklar hremmingar sem þyrftu aðstoð, einnig var bennt á heimili víða um land sem væru að veita börnum og unglíngum astöð sem þyrfti að horfa til.
- Nefndir voru málaflokkar eins og einelti, sjálfsvíg, afleiðingar misbeitngar.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

- Áhersla var að skoða þjónustu víða um land og kalla eftir því að klúbbar greindu sitt nærumhverfi og kæmu með tillögur og ábendingar.
- Einnig kom fram hugmynd um að hætta að styrkja Geðverndarmál !!!!

3. Hvernig á að standa að söfnun:

- **Á sama hátt og síðast með sölu K-lykils ? (það er nóg til)**
 - Það á að byggja á fyrri reynslu með sölu lykila en einnig að skoða fjölbreyttar leiðir.
 - Það þarf að fá sjónvarp til samstarfs og þannig að gera söfnunina sýnilegri og ná þannig meiri þátttöku og meiri árangri.
- **Fá til liðs við okkur samstarfsaðila og þá hverja?**
 - Klúbbar þurfa að fara að skoða hvaða aðilar eru í nærsamfélaginu sem getur komið að verkefninu með okkur, hér er átt við aðstoð við sölu.
 - Einnig hvað ætti að styrkja og eru einhver aðili sem gæti komið inn sem stuðningsaðili.

4. Útvega öflugra styrktaraðila

- Fá til liðs við okkur öflugra aðal styrktaraðila og það þarf að liggja fyrir aðal styrktarmálefni og þau þurfa að höfða sterkt til almennings.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

5. Áhugaverðar ábendingar sem komu fram voru:

- Árlega verði styrkt „Kærleiksbörn Kiwanis (Vildarbörn) og var nefnt í því sambandi að skoða söfnunaraðferð sem gerð er hjá Kiwanis í Noregi, sem er SMS söfnum á mæðradaginn og þannig tengt við ákveðnar daga einnig mætti horfa einnig til feðradaginn.
- Nefnd voru þekkt sérverkefni út um land sem væri áhugavert að styrkja
- Áherslan verði á börn

6. Skipan K-dagsnefndar og tengiliði í svæðum og klúbbum.

- Unnið er að ljúka við skipan K-dagsnefndar og síðan verður sent út til klúbba að skipa tengiliði.
- Niðurstöður málþingsins verður sent til svæða og klúbba til frekari skoðunar og að til baka komi ábendingar og tillögur.

Næstu ákvarðanir sem þarf að tak eru :

1. Ákveða söfnunardaga, að vori eða hausti.
2. Ákveða málaflokka til styrktar
3. Fá til liðs fjölmiðlaraðgjöf, Margmiðlun var góður samstarfsaðili við sl. söfnun þarf að skoða nánar í samstarfi við „Kynningar- og markaðsnefnd Kiwanis „

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Lítum ekki um of í baksýnispegilinn. Við erum í þjónustuhlutverki við samtímann til að gera framtíðina betri.

KIWANIS GLEYMIR EKKI BÖRNUM Í VANDA

Samantekt,
Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar

Málsstofa um fjölgun
á 45 umdæmisþingi í Vestmannaeyjum
12 sept. 2015

Ólafur Jónsson úr Drangey setti málsstofuna kl: 14.25
Mættir voru 28 félagar úr hinum ýmsu klúbbum.

Ólafur lagði fram spurninguna,, hvernig er þinn klúbbur í stakk búinn að

1. Fjölga í eigin klúbbi ?
2. Að stofna nýjan klúbb. ?

Gekk hann á línuna hjá málsstofugestum. Margar skoðanir komu fram og voru fundarmenn sammála um að í mörgum klúbbum væri möguleiki á að fjöga en í öðrum ekki.

Stofnun nýrra klúbba þyrfti að vanda mjög vel til og veita eftirfylgni og stuðning og tryggja lífsafkomu.

Gera þarf starfið í klúbbunum eftirsóknarverðara og laga okkur að nýju umhverfi og aðstæðum.

Stöðva brottfall úr hreyfingunni og reyna að ná til baka fyrrum félögum.

Markaðssetja vörva Kiwanis og hreyfinguna á þann hátt að eftir okkur sé tekið.

Ályktun málsstofunnar er þessi.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Hver klúbbur er sem gullegg er hlúa þarf að og næra með því að gera starfið skemmtilegt og gefandi. Efla markaðssetningu á jákvæðan og uppbyggjandi hátt og gæta þess ávallt að nýjum félögum sé fylgt eftir og veittur stuðningur.

Hugum að stofnun nýrra klúbba á svæðum sem það er gerlegt og veitum þeim tilhlýðandi stuðning og aðstoð eins lengi og þurfa þykir með því að setja reynda félagi í þeirra raðir sem stuðningsfulltrúa.

Starfið þarf að vera konfektmoli sem félagar og gestir þeirra ásælist á hverjum fundi.

